

Miðfjarðará í Bakkafirði

Rannsókn á seiðabúskap 22. ágúst 2006

Inngangur

Áin var rannsökuð þann 22. ágúst 2006. Seiði voru veidd með rafmagni (rafveiði) til að fá hugmynd um fjölda þeirra, ástand og vöxt. Veitt var á tveimur stöðum á fiskgenga hlutanum og á einum stað ofan fossa, 1,9 km ofan við fossinn Fálka, en þar var sleppt hrygningarfiski 2003 og 2004. Engum fiski var sleppt haustið 2005. Lítið vatn var í ánni, minna en þegar samsvarandi rannsókn var gerð 2005.

Niðurstöður

Niðurstöður seiðaveiða sjást í töflu 1. Til samanburðar eru niðurstöður seiðaveiða árið 2005 sýndar í töflu 2. Hafa ber í huga að veiðarnar árið 2005 fóru fram um **mánuði fyrr** á sumrinu. Þrátt fyrir að seiðin 2006 hefðu haft um mánuði lengri vaxtartíma, voru jafngömul seiði talsvert stærri sumarið 2005. Sennilega má þakka það óvenju góðu sumri 2004.

Stöð nr.	Stærð m ₂	0+		1+		2+		3+		Fj. /100 m ₂
		Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
1	50			2	5.3	15	6.6			34
2	60	5	3.5	7	5.1	4	6.6	1	9.1	28
4	20			4	6.7	2	9.0			30



Tafla 1. Niðurstöður úr rafveiðum í Miðfjarðará 22. ágúst 2006. Stöðvar 1 og 2 eru á fiskgenga svæðinu. Stöð 4 er á ófiskgenga svæðinu, 300 m ofan við Sniðfoss.

Stöð nr.	Stærð m ₂	0+		1+		2+		3+		Fj. /100 m ₂
		Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
1	30	1	2.9	17	6.0	1	7.7	2	9.2	70
2	40			14	5.1	1	7.4			37
3	30			16	5.2	2	8.1			60
4	20			14	7.0					70

Tafla 2. Niðurstöður úr rafveiðum í Miðfjarðará 28. júlí 2005. Stöðvar 1-3 eru á fiskgenga svæðinu. Stöð 4 er á ófiskgenga svæðinu, 300 m ofan við Sniðfoss.

Stöð 1.

Stöðin er ofan við gömlu brúna, norðan megin í ánni á smágryttum botni (66 01.906 15 07.05). Veidd var ein yfirferð á 50 m² svæði. Þokkalegt var af seiðum, minna en í fyrra og þurfti því að veiða stærra svæði til að fá nægan fjölda sýna. Seiðin voru smá og öll af svipaðri stærð (mynd 1). Flest voru þau tveggja ára, tvö voru eins árs. Engin sumargömul (0+) seiði fundust, líklega vegna þess sumarið var í kaldara lagi. Í venjulegu árferði eru nýklöktu seiðin orðin veiðanleg seint í ágúst, í góðum árum um mánuði fyrr. Vöxtur er mjög hægur,



Mynd 1. Lengdardreifing veiddra seiða á stöð 1, gular súlur. Til samanburðar er lengdardreifing veiddra seiða árið 2005, gráar súlur.



einungis munar 1,3 cm á meðallengd eins og tveggja ára seiða og eins árs seiðin frá í fyrra hafa aðeins lengst um 0,6 cm að meðaltali milli ára (+ einn mánuð). Þau þurfa því a.m.k. eitt ár enn í ánni áður en þau ganga út, en þau þurfa að ná um 9 cm lengd haustið fyrir sjógöngu.



Mynd 2. Seiðin sem veiddust á stöð 1, rétt ofan við gömlu brúna. Tveggja ára seiðin eru lítil, um 6,5 cm að meðallengd. Engin 0+ seiði fundust.

Stöð 2.

Stöðin er 1 km ofan við efri brú (í loftlínu), á móts við girðingu sem liggur að ánni að sunnan (66 01.426 15 08.469). Botninn er í meðallagi grýttur. Veiddir voru 60 m2. Fremur lítið fannst af seiðum, alls 16. Fimm voru úr hrygningu s.l. haust og þau hífa fjöldann upp. Sjö voru eins árs og 4 tveggja ára. Vöxturinn er lélegur, um 1.5 cm á ári að meðaltali (tafla 1). Árgömlu seiðin eru jafn stór og samsvarandi gömul seiði voru 2005, þó þau séu í raun mánuði eldri.



Mynd 3. Lengdardreifing veiddra seiða á stöð 2, gular súlur. Til samanburðar er lengdardreifing veiddra seiða árið 2005.



Mynd 4. Veidd seiði á stöðvum 2 og 4, en stöð 4 er fyrir ofan Fálkafoss. Á myndinni sést hinn mikli munur á stærð eftir aldri á þessum tveimur stöðum.

Stöð 4, ofan við Sniðfoss


Hún er á ófiskgenga hlutanum, um 300 m ofan við Sniðfoss, á grunnu broti skammt fyrir neðan nokkuð stóran og langan hyl. Hnit staðarins eru: 65.59,992 N og 15.09,986 V.

Veitt var um 20 m² svæði og fundust seiði í viðunandi magni. Þar með er staðfest að seiði þrífast vel þarna og vaxa vel. Þar sem ekki var farið með klakfisk á svæðið haustið 2005 fundust engin smáseiði. Seiðin eru sýnd á mynd 4 og lengdardreifing seiða bæði árin sést á mynd 5.

Sést að eins árs seiði eru svipaðrar stærðar bæði árin.



Mynd 5. Lengdardreifing seiða fyrir ofan Fálkafoss 2006, gular súlur. Til samanburðar veiðin frá 2005, gráar súlur.



Stöð 4, veiðistaðurinn á ófiskgenga svæðinu. Hann er 300 m ofan við Sniðfoss, 1.9 km ofan við Fálkafoss. Svæðið takmarkast af bláu línunni.

Veitt var á þessum sama stað bæði 2005 og 2006.

Ályktanir

Vöxtur seiða á fiskgenga hlutanum er hægur og áin virðist vera að fara í að skila gönguseiðum á fjórum árum í stað tveggja - þriggja eftir góðu árin 2003 og 2004. Þau ár jókst (sennilega) seiðafjöldinn mikið en þegar árferði versnar er mikill ásetningur ekki heppilegur og e.t.v. meðvirkandi í lélegum vexti seiðanna. Gera má ráð fyrir að göngur minnki næsta sumar og enn meira næsta sumar. Þó ber að hafa í huga að laxveiðispár eru oft (ast) rangar þó ástand ánnu sé sæmilega þekkt, og kemur þar til það sem kallað hefur verið "ástand sjávar", sem yfirleitt er lítt þekkt og ekki hægt að sjá fyrir.

Um er að ræða hitafar, æti og ekki síst hegðun fiskstofna, en ætla má að t.d. svangur þorskur á grunnsævi N-lands geti lagst í seiðaát í árósum. Vegna þessarar óvissu er ekki ástæða til annars en að ganga til veiðanna með sömu bjartsýni og áður.

Reykjavík, 17. Október 2006
Jón Kristjánsson